



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Fjórar menntastofnanir og einn kennari eru handhafar Íslensku menntaverðlaunanna 2022, en tilkynnt var um úrslit þeirra í dag, fimmtudaginn 3. nóvember. Markmið verðlaunanna er sem fyrr að vekja athygli á og hefja til vegs í samfélaginu það metnaðarfulla og vandaða starf sem unnið er með börnum og ungmennum á öllum skólastigum.

Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk sérstakra hvatningarverðlauna. Fjöldmargar tilnefningar bárust um verðuga verðlaunahafa. Viðurkenningaráð valdi úr þeim og kynnti niðurstöðu sínar á alþjóðadegi kennara þann 5. október. Úrslitin voru síðan gerð opinber í kvöld með sjónvarpsútsendingu á RÚV frá veitingu verðlaunanna sem fram fór við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Handhafar Íslensku menntaverðlaunanna 2022:

Verðlaun fyrir framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur hlýtur Leikskólinn Rauðhóll í Reykavík fyrir fagmennsku og gæði í leikskólastarfi og öflugt þróunarstarf.

Verðlaun sem framúrskarandi kennari hlýtur Elísabet Ragnarsdóttir leikskólakennari og aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann Heiðarborg í Reykjavík fyrir einstaka fagmennsku við leikskólakennslu.

Verðlaun fyrir framúrskarandi þróunarverkefni hlýtur þróunarverkefnið Áttthagafræði í Grunnskóla Snæfellsbæjar en það beinist að því að efla jákvæð og virk tengsl skóla og samfélags, þekkingu nemenda á heimabyggð sinni og auka fjölbreytni í námi.

Verðlaun fyrir framúrskarandi iðn- eða verkmenntun fær

Tækniskólinn fyrir átaksverkefnið #kvennastarf sem unnið hefur verið á hans vegum í samvinnu við aðra iðn- og verkmenntaskóla og beinst hefur að því að vekja athygli á fjölbreyttum störfum í iðn-, tækni- og verkgreinum og benda á þann kynjamun sem hefur viðgengist í sumum starfsstéttum.

Hvatningarverðlaun Íslensku menntaverðlaunanna 2022 hlýtur

Menntaskóli Borgarfjarðar fyrir framsækna endurskoðun á námskrá með það að leiðarljósi að búa nemendur sem best undir áskoranir í lífi og starfi í nútíð og framtíð.

Ólafur Ragnar Grímsson stofnaði til Íslensku menntaverðlaunanna og veitti þau á árunum 2005-2011, þegar þau lögðust af í kjölfar efnahagshrunsins. Árið 2020 voru Íslensku menntaverðlaunin svo endurvakin. Að þeim standa nú embætti forseta Íslands, mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneytið, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands (listkennsludeild og tónlistardeild), Menntamálastofnun, Mennta-vísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun, Samtök iðnaðarins og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Hér má sjá vefsíðu verðlaunanna: <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>

3. nóvember 2022

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Ingvar Sigurgeirsson, verkefnastjóri Íslensku menntaverðlaunanna (896 3829).